

## REGLUGERÐ um samstarfsráð Matvælastofnunar.

1. gr.

*Um samstarfsráð.*

Við Matvælastofnun skal starfa samstarfsráð.

Matvælastofnun skal hafa reglubundið samráð við samstarfsráðið og miðla upplýsingum um mikilvæg málefni er tengjast starfi stofnunarinnar.

2. gr.

*Skipan samstarfsráðs.*

Ráðherra skipar samstarfsráð til fimm ára í senn. Ráðherra skipar í samstarfsráðið samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

1. Bændasamtaka Íslands.
2. Dýraverndunarsambands Íslands.
3. Dýralæknafélag Íslands.
4. Embættis landlæknis.
5. Félags atvinnurekenda.
6. Háskóla Íslands.
7. Landbúnaðarháskóla Íslands.
8. Landssambands veiðifélaga.
9. Matís ohf.
10. Neytendasamtakanna.
11. Samorku.
12. Samtaka atvinnulífsins.
13. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.
14. Samtaka iðnaðarins.
15. Samtaka verslunar og þjónustu.
16. Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

3. gr.

Samstarfsráð skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Matvælastofnun skal annast boðun á fundi samstarfsráðs.

Á fundum samstarfsráðs skal Matvælastofnun kynna árlega áætlun um störf stofnunarinnar. Þá skulu kynntar skýrslur um starfsemina og önnur mikilvæg málefni er tengjast starfi stofnunarinnar. Fulltrúum samstarfsráðs er heimilt að óska eftir umfjöllun um tiltekin málefni á fundum ráðsins.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. gr. laga nr. 30/2018 um Matvælastofnun. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 15. október 2019.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Kristján Skarphéðinsson.*